



## Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 21. febrúar 2023

202302034 00.01

### Efni: Umsögn Geislavarna ríkisins um frumvarp til sóttvarnalaga.

Í frumvarpi til sóttvarna er tekið tillit til athugasemda sem Geislavarnir ríkisins gerðu þegar þegar málið var í samráðsferli árið 2022. Hlutverk sóttvarnalæknis hefur verið skýrt þannig að það virkjast þegar sjúkdómseinkenna verður vart vegna geislavirkra efna, sjá greinargerð með frumvarpinu bls. 28. Það er til bóta.

Gerðar eru athugasemdir við skilgreiningu á smitsjúkdómi í 13. lið 4. greinar.

*Smitsjúkdómur:* Sjúkdómur eða ástand sem orsakast af sjúkdómsvöldum, svo sem smit-efni, örveru eða sníkjudýri og sem smitast frá, til eða milli fólks. Með smitsjúkdómi er enn fremur átt við sjúkdómseinkenni og alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar af völdum eiturefna og geislavirkra efna. Í frumvarpinu hefur “sjúkdómseinkenni” verið bætt við seinni málslið orðskýringarinnar sem er til bóta.

Geislavarnir eiga erfitt með að skilja að heilsufarslegar afleiðingar ( eiturefna og ) geislavirkra efna séu skilgreindar sem smitsjúkdómur eins og gert er í frumvarpinu.

Jafnframt er bent á umsögn sóttvarnalæknis um frumvarp til sóttvarnalaga sem lagt var fram á 152. löggjafarþingi 2021-2022. Í umsögninni sem er dagsett 24.2.2022 segir um 4. grein: “Ég á erfitt með skilja að hægt sé að skilgreina heilsufarslegar afleiðingar eiturefna og geislavirkra efna sem smitsjúkdóm eins og gert er í lið 11.”. Það sem var þá liður 11 í frumvarpinu er núna liður 13. Geislavarnir leggja til að “og alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar “ falli brott. Þannig verður hlutverk, verksvið og ábyrgð Sóttvarnalæknis og Geislavarna skýrara. Geislavarnir benda á að ákvæðið verður með þessum hætti í samræmi við það sem segir í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna, nr. 221/2012, en þar eru „bráð sjúkdómseinkenni af völdum eiturefna og geislavirkra efna“ skilgreind sem tilkynningarskyldir sjúkdómar, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Að mati Geislavarna verður lagatextinn skýrari við bein tengsl sjúkdómseinkenna og smitsjúkdóma.

f.h. Geislavarna ríkisins,

Sigurður M. Magnússon

Forstjóri